

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins „Söguskjóður“

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Dagsetning	05.09.2016
Stofn	
Mál nr.	

Heiti verkefnis: Söguskjóður**Styrkþegar: Flataskóli****Verkefnisstjóri: Kolbrún Svala Hjaltadóttir****Markmið verkefnisins skv. umsókn:**

Helstu áherslur í verkefninu eru á lestarkennslu, lesskilning, læsi og foreldrasamstarf og fellur það því undir námsgreinina íslensku þegar litið er til aðalnámskrár grunnskóla og námssviðsins læsi og samskipti með tilliti til aðalnámskrár leikskóla. Markhópurinn eru 5 og 6 ára börn sem eru að stíga sín fyrstu skref í lestrarnámi og því tilvalið að ýta undir það með áhugaverðum verkefnum sem falla undir alla þessa þætti um leið og þeir efla foreldratengsl og foreldrasamstarf.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis:

Kennarar 2. bekkja, kennsluráðgjafi, bókavörður og deildarstjóri leikskólans settust niður og fóru yfir þær bækur sem ákveðið var að taka fyrir í söguskjóðunum. Tíu bækur voru valdar og við lásum þær og skráðum hjá okkur verkefni, hugmyndir og fl. sem hentaði hverri bók. Verkefnið hófst ekki fyrr en í október þar sem ekki tókst að finna sameiginlegan tíma til að hefja verkefnið. Einnig stóð til að Þóra Dögg aðstoðarleikskólalastjóri væri verkefnisstjóri en hún fór í barneignarleyfi svo að því þurfti að breyta. Í framhaldi af verkefninu var erfitt að finna tíma til að vinna verkefnið svo það hófst í rauninni ekki fyrr en eftir áramót þegar jólaannir voru búnar. En skriður komst á framkvæmdina í febrúar og í lok mars voru sex skjóður tilbúnar og nokkrar í viðbót komnar áleiðis. En ljóst er að verkefnið fer ekki af stað fyrr en í haust og er það von okkar að skjóðurnar verði allar tilbúnar þá og komnar í notkun.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins „Söguskjóður“

Upphafleg áætlun stóðst ekki hvað varðar tímasetningu. Verkefnið fór seint af stað eða ekki fyrr en í lok október vegna anna starfsfólks/kennara. Það tókst að útbúa átta söguskjóður með gögnum í lok mars. En verkefnið fór aldrei í notkun meðal kennara því það féll ekki inn í það skipulag sem búið var að gera. Má segja að kynning hefði átt að fara fram fyrr á vorönn til að verkefnið gæti farið af stað. Upplýsingabæklingur er tilbúinn en var aldrei sendur út til foreldra. Ákveðið hefur verið að setja þetta af stað strax á haustdögum með því að kynna þetta bæði fyrir foreldrum og kennurum yngstu deildanna/leikskólans.

Sex starfsmenn unnu að mestu við verkefnið. Voru það starfsmenn bókasafns, kennsluráðgjafi og kennarar 2. bekkja og leikskóladeildar.

Kennsluráðgjafi kynnti einnig verkefnið hjá leikskólakennurum á fundi á leikskólanum Akri á vorönn og sýndi sýnishorn af einni söguskjóðunni.

Mat á verkefninu:

Ekkert mat hefur farið fram þar sem ekki tókst að koma því í gagnið en áhugi er mikill og hugur í fólki að byrja strax í haust við að koma þessu í gagnið.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks var 700 þús. ?

Laun	594.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	
Gögn	140.000

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning:

Söguskjóðurnar eru tilbúnar til notkunar og auðvelt er að bæta nokkrum við í viðbót þar sem gunnhugmyndir eru fyrir hendi.